

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Ólafsfjarðarhöfn, nr. 321 11. október 1974.

1. gr.

Vörugjöld samkvæmt 26. grein breytast þannig:

1. flokkur: Í stað „Gjald kr. 70.00 pr. tonn“ komi „Gjald kr. 110.00 pr. tonn.“
2. flokkur: Í stað „Gjald kr. 150.00 pr. tonn“ komi „Gjald kr. 230.00 pr. tonn.“
3. flokkur: Í stað „Gjald kr. 400.00 pr. tonn“ komi „Gjald kr. 640.00 pr. tonn.“
4. flokkur: Í stað „Gjald kr. 40.00 pr. rúmmetra“ komi „Gjald kr. 64.00 pr. rúmmetra.“

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 412.

29. ágúst 1975.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Patrekshöfn, nr. 10 9. janúar 1973.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

29. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Greinar nr. 30—44 falli niður og breytist töluröð eftirfarandi greina í samræmi við það, þannig, að greinar nr. 45 til 49 verði 30 til 34.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.